

# GJALDSKRÁ

Leiðarljóss ehf

1. **Almennt**  
Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Leiðarljóss ehf., kt: 510117-0260, í Kjósarhreppi.  
Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.
2. **Áskriftargjald**  
Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 3.550 + vsk.
3. **Gjöld fyrir breytingar**  
Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfis miðju Leiðarljóss frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð kr. 4.040 + vsk og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.
4. **Tengigjald nýrra notenda**  
Fyrir nýja tengingu greiðist einskiptisgjald kr. 201,613+ vsk auk því sem næst raunkostnaður við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað.

Heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúshverfum þannig að hver tengistaður greiði sama gjald óháð raunkostnaði.

5. **Leiga á ljósþráðum innan kerfisins**  
Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli staða. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingu á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræmi við umfang breytinga. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mán án vsk
1	7.244
2	9.055
3	10.866
4	12.678

6. **Aðstöðuleiga í tækjarými í Hjarðarholti**  
Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Leiðarljóss stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarými í Hjarðarholti skv. neðan greindu:

Skáparými	kr./mán án vsk
1 skáparými	47.427
½ skáparými	23.712

Leiðarljós getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

7. Önnur ákvæði.

Leiðarljós leggur ljósleiðara að tengistað en útvegar ekki endabúnað til notkunar.

Stofngjald er innheimt áður en framkvæmdir byrja.

Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í framkvæmdir í nýjum sumarhúsaahverfum nema náist um 70% þátttaka í hverfinu áður en framkvæmdir veitustofnana Kjósarhrepps hefjast.


Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum skv. ákvörðun stjórnar Leiðarljós

Með tón á eignum Leiðarljós, þ.m.t. ljósleiðarastrengjum verður farið skv. 86. gr. laga um Fjarskipti nr. 70/2022.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í stjórn Leiðarljós þann 9. nóvember 2023. Verðskrá þessi tekur gildi 1. desember 2023.

f.h. Leiðarljós ehf

30 nóvember 2023

  
Axel Jóhannsson

30.11.2023